

Ár 2018, þriðjudaginn 27. febrúar, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 1/2017:

X

og

Y

Úrskurðinn kveða upp lögfræðingarnir Dögg Pálsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Svavar Stefánsson sem skipaður var 21. september 2017 ad hoc í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 1-5/2017 auk sérfróðs aðila dr. Berglindar Guðmundsdóttur sérfræðings í klínískri sálfræði sem úrskurðarnefndin ákvað 3. janúar 2018 að kveða sér til fulltingis við meðferð málsins, sbr. lokamálslið 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar.

Upp er kveðinn svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er X, kt. [...]. Gagnaðili er Y, kt. [...].

2. INNGANGUR

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir úrskurðarnefnd) barst hinn 12. september 2017 frá fagráði um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar (hér eftir fagrád) frásögn málshefjanda um kynferðislega áreitni af hendi gagnaðila, sem málshefjandi gerði fagráðinu grein fyrir á fundi 7. apríl 2017. Með frásögninni fylgdu frá fagráðinu frásögn af fundi á biskupsstofu 11. apríl 2017 og punktar frá fundi fagráðsins með málshefjanda 30. ágúst 2017.

Úrskurðarnefndin kom saman 21. september 2017 til að ræða erindið og komst að þeirri niðurstöðu að þar sem það bærisk frá fagráði bæri nefndinni að taka það til efnislegrar meðferðar sbr. 5. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009 með breytingum nr. 952/2010.

Á fundinum tilkynnti nefndarmaðurinn sr. Hreinn S. Hákonarson að hann teldi sig vanhæfan til meðferðar málsins. Í ljós kom að svo virtist sem Prestastefna 2015 hefði engan varamann kosið fyrir sr. Hrein. Úrskurðarnefndin fór þess því á leit við biskup með tölvubréfi 21. september 2017 að skipaður yrði ad hoc nefndarmaður til meðferðar málsins. Með tölvubréfi biskups sama dag var tilkynnt að sr. Svavar Stefánsson hefði verið skipaður ad hoc til meðferðar málsins.

Varði mál siðferðis- eða agabrot starfsmanns þjóðkirkjunnar skal úrskurðarnefndin í upphafi meta hvort rétt sé að leggja til að honum verði veitt leyfi frá starfi meðan um málið er fjallað í nefndinni, sbr. 3. mgr. 6. gr. starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir starfsreglur um úrskurðarnefnd). Með tölvubréfi 21. september 2017 til biskups kallaði úrskurðarnefndin eftir upplýsingum um hvort gagnaðili hefði verið settur í leyfi. Með tölvubréfi biskups sama dag var úrskurðarnefnd tilkynnt að gagnaðili væri í leyfi frá störfum frá 21. september 2017 og þar til nefndin hefði lokið störfum og eftir atvikum lengur ef mál skipist svo.

Með tölvubréfi dags. 22. september 2017 tilkynnti úrskurðarnefndin málsaðilum framangreint.

Með tölvubréfi 23. september 2017 tilkynnti Einar Gautur Steingrímsson hrl. að hann gætti hagsmuna gagnaðila í málinu fyrir úrskurðarnefndinni. Í símtali 13. nóvember 2017 tilkynnti Þyrí H. Steingrímsdóttir hrl. að hún gætti hagsmuna málshefjanda í málinu fyrir úrskurðarnefndinni.

Við upphaf málsmeðferðar var það mat úrskurðarnefndar að eins og málið væri vaxið væri ekki ástæða til að leita sátta.

Með vísan til rannsóknarreglu í 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (hér eftir stjórnarsýslulög) og 12. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd ritaði nefndin formanni fagráðs sr. Elínu Hrund Kristjánsdóttur tölvubréf 16. október 2017 og kallaði eftir upplýsingum. Svar formanns fagráðs barst með tölvubréfi næsta dag, 17. október. Með vísan til rannsóknarreglu fékk úrskurðarnefndin formanninn til viðtals við sig á fundi 4. desember 2017 og fyrirverandi formann fagráðs sr. Gunnar Rúnar Matthíasson 5. s.m.

Málsaðilar lýstu gagnaöflun lokið við upphaf málflutnings sem fór fram 26. janúar 2018. Var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Eftir að úrskurðarnefndin tók málið til úrskurðar 26. janúar 2018 taldi nefndin sig þurfa nánari upplýsingar um það frá biskupi hvort og þá hvaða vitneskja hefði legið fyrir hjá biskupi við afgreiðslu máls málshefjanda í máli nr. 1/2017 um önnur mál sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni. Var biskupi því ritað tölvubréf þar að lútandi 1. febrúar 2018, sem var ítrekað 7. s.m. Svar biskups barst með tölvupósti 12. febrúar 2018. Þar kom fram að við meðferð þessa máls hjá biskupi vissi biskup af málum sem síðar urðu mál nr. 2 og 5/2017 hjá úrskurðarnefnd.

3. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi óskar eftir að úrskurðarnefndin taki afstöðu til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart henni feli í sér agabrot eða siðferðisbrot sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (hér eftir þjóðkirkjulög). Þá er þess krafist, komist nefndin að þeirri niðurstöðu að um agabrot sé að ræða, að gripið verði til þeirra úrræða sem 4. mgr. 12. gr. segir til um. Í báðum tilvikum vísar málshefjandi einnig til starfsreglna um úrskurðarnefnd, einkum 5. og 17. gr.

Gagnaðili krefst þess aðallega að máli málshefjanda verði vísað frá úrskurðarnefnd. Til vara krefst gagnaðili þess að úrskurðarnefnd ákveði að aðhafast ekkert frekar í málinu.

4. MÁLAVEXTIR OG FRAMVINDA MÁLS

4.1 Málavextir eins og málsaðilar lýsa þeim

Málshefjandi lýsir málavöxtum svo í viðtali 7. apríl 2017 hjá fagráði að þriðjudaginn 21. mars 2017 hafi hún verið djúpt sokkin í vinnu sína á skrifstofu sinni, en hún er [...]. Inn kom gagnaðili og sagði: „Er bara [...] hér?“ Hún stóð upp frá skrifborði sínu og rétti fram höndina. Gagnaðili tók ekki í hönd hennar heldur tók utan um hana, hélt henni fastri, þrýsti henni að sér og kyssti hana á sitt hvora kinn. Hún hafi ekki getað sig hrært. Hún hafi reynt að losa sig en gagnaðili hélt henni fastri. Hún hafi frosið. Gagnaðili fór rækilega yfir hennar mörk. Eftir að gagnaðili var farinn, fór málshefjandi til samstarfskonu og sagði henni frá því sem hafði gerst og bað hana að taka fyrir sig viðtal sem átti að vera stuttu seinna. Hún fylltist ógleði, fór í gönguferð um [...], var óvinnufær. Hún ákvað að upplýsa samstarfsfólk um atvikið og gerði það 6. apríl. Hún greindi einnig [...] [...] frá atvikinu og hitti fagrád 7. apríl 2017 til að skrá atvikið. Fagráðið ráðlagði henni að leita jafnframt til lögreglu og leggja fram kæru á hendur gagnaðila fyrir kynferðislega áreitni. Málshefjandi hafði ekki hugað að eða hugsað um formlega kæru til lögreglu.

Í bréfi til úrskurðarnefndar dags. 30. september 2017 áréttar málshefjandi frásögn sína af atvikinu og segist sérstaklega hafa sagt fagráðinu frá því að hún hafi heyrt um óviðeigandi framkomu gagnaðila við konur á árinu 2010, þ.e. að hann hafi freklega gengið yfir mörk þeirra. Þess vegna hafi hún ávallt heilsað honum með stífu handartaki og þar með tjáð að hún vildi hvorki faðmlag né líkamlega nánd umfram það. Hún hafi gert fagráðinu grein fyrir því að þar sem hann virti ekki mörk hennar varð valdbeiting ljós, fyrsta skref ofbeldisins. Gagnaðila hafi mátt vera ljóst af öllum fyrri samskiptum þeirra og mótþróa hennar umrætt skipti að hún vildi alls ekki faðma hann. Eftir að hann tók hana í faðminn, þrátt fyrir að hún ætlaði aðeins að taka í hönd hans, ríghélt hann henni með ofurafli, þrýsti henni að sér og sleikti báðar kinnar hennar. Hún hafi fyllst óhugnaðartilfinningu sem var lamandi og erfitt að lýsa. Það hafi fyrst verið um tveimur mánuðum eftir atburðinn sem hún gat fyllilega orðfært hryllingsupplifunina og talað um að hafa verið sleikt en ekki kysst eins og hún greindu fagráði frá upphaflega.

Gagnaðili, í andmælabréfi til biskups dags. 8. maí 2017, lýsir málavöxtum þannig að 21. mars sótti hann [...] [...] sem prentaðar höfðu verið hjá [...]. Það hafi verið honum mikils virði að [...] skyldi sjá sér fært að prenta [...] eins og mörg fyrri ár. Á leið inn á skrifstofu prentarans leit hann inn á skrifstofu málshefjanda. Hún sat við skrifborð sitt en stóð strax upp og gekk til hans. Hann þakkaði fljóta og góða afgreiðslu um leið og hann tók örsnöggt utan um hana og kyssti á kinnar. Hann hugsaði ekki út í að þetta væri ekki í lagi vegna kynna hans af málshefjanda og þeirra samskipta sem hann hafi átti við hana. Fráleitt væri að halda því fram að hegðun hans hafi verið af einhverjum kynferðislegum toga enda gerðist þetta fyrir opnum tjöldum, nálægt dyrum á opinni skrifstofu og annað fólk skammt undan. Í greinargerð gagnaðila til úrskurðarnefndarinnar dags. 14. nóvember 2017 lýsir hann málsatvikum þannig að hann hafi tekið utan um málshefjanda og kysst á sitt hvora kinnina. Gagnaðili mótmælir því að hann hafi haldið málshefjanda fastri. Á fundi úrskurðarnefndarinnar 15. nóvember 2017 hafnaði gagnaðili því alfarið að hann hafi sleikt kinnar málshefjanda. Gagnaðili segir ennfremur í greinargerð sinni til úrskurðarnefndar að faðmlag og koss á kinn sé orðin algeng aðferð við að heilsast og kveðjast, ekki síst innan kirkjulegs starfs. Gagnaðili telur sér ómögulegt að leggja mat á upplifun málshefjanda. Hann leit á kunningsskap þeirra þannig að þetta væru vináttumerki og þótti jafnvel kuldalegt að vera mjög formlegur í samskiptum.

4.2 Framvinda málsins samkvæmt framlögðum gögnum

Af gögnum málsins má eftirfarandi ráða um framvindu þess: Eftir að málshefjandi leitaði til [...] [...] skýrði [...] biskupi frá málinu hinn 7. apríl 2017, án þess þó að geta nafns málshefjanda, sbr. tölvubréf biskups 12. febrúar 2018. Í sama samtali skýrði [...] biskupi frá því að í starfsmannaviðtölum nýverið hefði komið fram að fleiri konur hefðu reynt hið sama af hendi gagnaðila. Nöfn þeirra kvenna voru ekki heldur upplýst, sbr. fyrrnefnt tölvubréf biskups.

Um svipað leyti skýrði formaður fagráðs biskupi frá því að málshefjandi hefði sagt fagráði sögu sína og fagráðið skráð hana. Formaður fagráðs afhenti biskupi sögu málshefjanda á fundi 10. apríl 2017.

Næsta dag, 11. apríl 2017 var gagnaðili kallaður samdægurs á fund biskups. Í gögnum málsins eru tvær frásagnir af þessum fundi, ódags. frásögn rituð af fagráði, sem fylgdi með gögnum þess til úrskurðarnefndar og minnisblað biskups dags. 25. apríl 2017. Minnisblað biskups var meðal gagna frá biskupsstofu sem bárust úrskurðarnefndinni 25. október 2017 eftir að úrskurðarnefndin hafði kallað eftir öllum gögnum um málið frá biskupsstofu með bréfi dags. 16. október s.á.

Í frásögn fagráðs af fundinum 11. apríl 2017 kemur fram að á fundinum voru auk gagnaðila og biskups Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir sem fulltrúi fagráðs og sr. Gunnar Rúnar Matthíasson fv. formaður fagráðs sem fulltrúi biskups. Fundurinn hófst á því að biskup las upp undirritaða

frásögn málshefjanda dags. 10. apríl af samskiptum við gagnaðila. Eftir að frásögn málshefjanda var lesin upp var gagnaðila boðið að tjá sig um málið. Greindi hann þá frá því að umrætt sinn hefði hann verið að sækja [...] vegna [...] og að hann hefði verið glaður og þakklátur vegna þjónustu þeirra við fjölföldun skrárinnar. Kvaðst hann hafa gengið inn á skrifstofu málshefjanda sem sat við skrifborð sitt. Hún gekk á móti honum þegar hann gekk inn á skrifstofuna. Kvað hann þau kyssast þegar þau hittast og kvaðst kannast við að hafa faðmað hana að sér umrætt sinn líkt og greini í frásögn hennar. Spurður hvort atvikalýsing hennar væri rétt sagðist hann hugsa að þetta gæti verið rétt. Spurður um það hvort hann hefði farið yfir ákveðin mörk í þeirra samskiptum svaraði hann því til að greinilega hefði hann gert það fyrst upplifun hennar væri þessi og kvaðst þykja það mjög leiðinlegt ef þetta hefði skemmt fyrir henni og hvíldi á henni. Kvaðst hann jafnframt hafa verið mjög meðvitaður um að passa sig með þetta. Hann sagðist ekki hafa talið sig hafa ástæðu til annars en að þetta yrði eins og vanalega. Spurður um lýsingu málshefjanda segir í fundargerðinni að gagnaðili hafi gengist við því að hafa haldið henni of lengi umrætt sinn.

Á fundi með úrskurðarnefnd 5. desember 2017 kannaðist gagnaðili ekki við að hafa gengist við þessu á fundinum 11. apríl 2017. Hann sagðist hafa fengið ákveðið áfall á þessum fundi þegar í ljós kom frá hverjum kvörtunin var. Um það var hann ekki upplýstur fyrir fundinn heldur eingöngu sagt að kvörtun hefði borist frá konu að nafni [...].

Í frásögn fagráðs af fundinum 11. apríl segir enn fremur að gagnaðili hafi spurt hvort hann mætti biðja málshefjanda afsökunar á framferði sínu. Því hefði verið svarað að réttast væri að leyfa því að hafa sinn framgang nú þegar það væri komið með formlegum hætti til biskups eftir meðferð fagráðs. Samkvæmt frásögn fagráðs var gagnaðili spurður um það á fundinum 11. apríl hvort einhver önnur atvik væru sem búast mætti við að kæmu til meðferðar fagráðs kvaðst hann einu sinni hafa fengið athugasemd frá [...] um að hafa farið yfir mörk í samskiptum við hana. Í frásögninni segir að gagnaðili hafi lýst því nánar og taldi að um 6-10 ár væru síðan að það hefði gerst. Í frásögn fagráðs segir síðan að rætt hafi verið um að biskup tæki málið til meðferðar eftir að hafa fengið það til sín frá fagráði.

Samkvæmt minnisblaði biskups dags. 25. apríl 2017 um fundinn 11. apríl var frásögn málshefjanda lesin upp fyrir gagnaðila. Hann kannaðist við að hafa hitt málshefjanda á skrifstofu hennar, faðmað hana og kysst á sitt hvora kinn. Hann sagði það vera þeirra hátt þegar þau heilsist. Honum komu viðbrögð málshefjanda á óvart. Aðspurður sagðist hann muna eftir einu atviki fyrir nokkrum árum þar sem kona hefði bent honum á að hann hefði gengið of langt í samskiptum sínum við hana. Að öðru leyti kannaðist hann ekki við fleiri mál enda hefði hann passað sig þar sem kvörtun hefði borist fagráði vegna framkomu hans gagnvart konum árið 2010.

Í sama minnisblaði kemur fram að 21. apríl 2017 hafi biskup setið fund með málshefjanda og samstarfskonu hennar. Málshefjandi kannaðist ekki við að málsaðilar heilsuðust á þann máta er gagnaðili taldi og fram kom á fundinum 11. apríl.

Í sama minnisblaði kemur einnig fram að 24. apríl hafi biskup orðið þess áskynja að gagnaðili hygðist gefa kost á sér í stjórn Hins íslenska biblúfélags á aðalfundi daginn eftir. Stjórnarmaður leitaði til gagnaðila og bað hann um að taka að sér stjórnarsætið. Biskup hafði þá haft samband við gagnaðila og sagði honum að í ljósi aðstæðna vildi hann ekki að gagnaðili gæfi kost á sér og sagðist hann ekki myndi gera það.

Í minnisblaðinu segir einnig að biskup hafi talað við aðra konu sem hafi sams konar reynslu og málshefjandi en sú hygðist ekki kæra til fagráðs.

Í lok minnisblaðs biskups segir:

„Í ljósi þess sem biskup hefur orðið áskynja við rannsókn á máli þessu hefur biskup ákveðið að áminna [...] og gera honum grein fyrir því við fyrsta tækifæri.”

Með tölvubréfi 2. maí 2017 boðaði biskup gagnaðila á sinn fund næsta dag og segir í bréfinu að gagnaðili megi gjarnan hafa með sér trúnaðarmann. Gagnaðili svarar og spyr um hvað fundurinn verði. Biskup svarar og segir að annars vegar verði lesin fyrir gagnaðila frásögn af fundinum 11. apríl og hann beðinn um að staðfesta hana. Hins vegar verði farið yfir réttarheimildir sem geti átt við í málum sem þessum. Aftur svarar gagnaðili og spyr hvenær hlustað verði á hans frásögn af því sem gerðist milli hans og málshefjanda. Enn svarar biskup og segir að gagnaðili hafi sagt sína sögu af samskiptunum á fundinum 11. apríl og sú frásögn verði lesin upp og staðfest af honum á fundinum næsta dag. Enn svarar gagnaðili og segir að á fundinum 11. apríl hafi honum verið sagt að fagraði væri ætlað að bera upplifun þolanda. Það væri því ekki mikið pláss fyrir hans hlið málsins. Biskup svarar og segir gagnaðila hafa tækifæri til að greina betur frá hans hlið telji hann þörf á því eftir að hafa hlustað á niðurritaða frásögn. Hlutverk biskups sé einnig að veita gagnaðila stuðning og leiðbeina honum. Gagnaðili þakkar þá fyrir og segir stöðuna hafa verið býsna ójafna á fundinum. Málshefjandi hafi haft meira en tvær vikur til að stílfæra sína frásögn en hann þurft að bregðast við á staðnum í áfalli yfir að málshefjandi væri að bera á hann þessar sakir. Gagnaðili staðfesti síðan komu sína á fundinn næsta dag.

Á fundinum 3. maí 2017 afhenti biskup gagnaðila bréf dagsett þann sama dag. Í bréfinu er skýrt frá því að 7. apríl 2017 hafi [...] [...] komið á fund biskups og skýrt frá því að kona hefði leitað til sín og kvartað yfir kynferðislegri áreitni af hans hálfu. Einnig kom fram að [...] hefði vitneskju um að fleiri konur hefðu greint frá því að þær hefðu reynt hið sama af hans hendi. Biskup hafi ritað minnisblað dags. 25. apríl 2017 um málið og fylgi það með bréfinu.

Síðan segir í bréfinu að biskup fjalli um málið á grunvelli 11. gr. og 37. gr. þjóðkirkjulaga. Um málsmeðferð fari eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga. Þá vitnar biskup í 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér starfsmannalaga), 3. gr. starfsreglna um [...] nr. [...] /2011 og 2., 7. og 8. tölul. síðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar frá 2009.

Þá segir í bréfinu:

„Biskup telur sýnt, af framkomnum upplýsingum, að um sé að ræða framgöngu í nokkrum tilvikum sem fari gegn þeim réttarheimildum sem að framan eru raktar, einkum 7. og 8. tl. síðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar frá 2009 og 14. gr. laga nr. 70/1996.”

Næst vísar biskup til 2. og 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga sem og 21. gr. sömu laga og segir í bréfinu:

„Með hliðsjón af því sem að framan greinir virðist að mati biskups Íslands lögskylt að veita þér áminningu og gefa þér kost á að bæta ráð sitt. Áður en sú áminning er veitt er þér gefinn kostur á að tala máli þínu, sbr. 21. gr. 1. nr. 70/1996.

Með bréfi þessu er tilkynnt um að meðferð þessa máls sé hafin hjá embætti biskups Íslands og þér jafnframt gefinn kostur á að tala máli þínu, eins og fyrir segir sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga. Frestur til að skila skriflegri greinargerð í því sambandi er veittur til 8. maí 2017.”

Með bréfi til biskups dags. 8. maí 2017 mótmælti gagnaðili þeirri fyrirætlun biskups að veita honum áminningu og kallar eftir faglegrri rannsókn á málinu með aðstoð sérfræðings sem hafi þekkingu til að taka á málum sem fjalla um kynferðislega áreitni. Allir sem komið hafi að málinu séu innanbúðarfólk þjóðkirkjunnar og ekki sérfræðingar á þessu sviði. Fram kemur að það komi gagnaðila í opna skjöldu að vera sakaður um kynferðislega áreitni gagnvart málshefjanda og mótmælir hann því eindregið. Gagnaðili segir málshefjanda hafa gengið afar

hart fram í málinu og segir að hann skilji ekki, úr því að henni mislíkaði hegðun hans, að hún skyldi ekki hafa brugðist við á einhvern hátt við atvikinu, sagt eitthvað, hrópað upp eða kallað á hjálp ef eitthvað alvarlegt var að gerast. Þá segir gagnaðili það vekja furðu sína hversu seint hún tilkynni atvikið og hvernig atvikalýsing sé borin til. Hann spyr hvað málshefjanda gangi til og spyr hvort túlkun hennar sé rétt? Geti hans túlkun ekki verið alveg eins rétt? Þá mótmælir gagnaðili að vísað skuli til 7. og 8. tölul. 3. gr. starfsreglna um [...] og 14. gr. starfsmannalaga. Í 7. tölul. starfsreglna sé talað um framkomu gagnvart skjólstæðingum. Málshefjandi geti ekki í neinu tilliti talist skjólstæðingur hans. Í 8. tölulið sé minnst á að snerting geti misskilist en í atvikinu sem um ræði hafi ekki verið um að ræða snertingu á viðkvæmum svæðum heldur eingöngu um axlir og andlit. Í 14. gr. starfsmannalaga sé heldur ekkert sem hann hafi brotið í samskiptum við málshefjanda þennan dag. Málshefjandi eigi að sjálfsgöðu rétt á sínum upplifunum. Hafi hún túlkað atvikið þannig að hann hafi farið yfir hennar mörk þegar hann áleit sig eingöngu vera að sýna henni vinsemd, þá eigi hún rétt á því. Málshefjandi eigi hins vegar ekki rétt á að staðhæfa að um kynferðislega áreitni hafi verið að ræða. Því neitar gagnaðili alfarið, telur það fráleitt, ómaklegt og ósanngjarnt. Í bréfinu gagnrýnir gagnaðili framkomu við sig. Komið sé fram við hann sem meintan geranda. Með örstuttum fyrirvara hafi hann verið kallaður til yfirheyrslu 11. apríl þar sem hann var einn óundirbúinn andspænis þremur sem hafi virst vera búin að mynda sér þá skoðun að hann væri sekur og lítið svigrúm hafi verið fyrir hans hlið málsins. Þess vegna telji hann þurfa, áður en til áminningar komi, faglegt mat sérfræðings um það hvort þetta einstaka atvik kalli á áminningu.

Gagnaðili skýrir einnig frá því í andmælabréfinu að síðdegis annan dag páska hafi [...] hringt í sig og mælst til þess að hann kæmi ekki á boðaðan vorkund [...] í [...] tveimur dögum síðar. Nærvera hans myndi trufla aðra. Það hafi verið auðsótt mál af hans hálfu. Í leiðinni hafi [...] hnýtt í hann ónotum og sýnt sér óvirðingu. Viku síðar hafi biskup beðið hann um að hætta við að gefa kost á sér í stjórn Hins íslenska biblíufélags og hann hafi brugðist fljótt og vel við því. Föstudaginn 28. apríl hafi hann aftur átt samskipti við [...], nú vegna sameiginlegrar leikhúsferðar á vegum [...] og aftur var nærvera hans ekki óskað. Loks hafi hann fengið tölvubréf frá biskupi þriðjudaginn 2. maí og verið boðaður á fund hennar daginn eftir. Allar þessar þrjár vikur frá 11. apríl - 2. maí hafði enginn á vegum kirkjustjórnarinnar samband við hann til að ræða málið við hann nánar og grennslast fyrir um hvað honum fyndist um þetta. Þætti mörgum slíkt tómlæti ærin refsing.

Gagnaðili segir í lok bréfs síns að hann geti engan veginn sætt sig við að vera ásakaður um kynferðislega áreitni gagnvart málshefjanda og hann neiti algerlega að taka við áminningu. Málsmeðferðin sé fráleit og langt frá því að faglega hafi verið tekið á málinu. Í svo alvarlegu máli sé forkastanlegt að taka orð einnar manneskju sem óvæfengjanlegan sannleika. Áður en lengra sé haldið þurfi að athuga málið betur, rannsaka það nánar, alveg ofan í kjölinn. Sanngjörn krafa hans sé sú að málið verði fellt niður en ella sett í þann faglega farveg sem hann leggi til í upphafi bréfsins.

Með tölvubréfi 22. maí 2017 staðfesti biskup móttöku andmælabréfs gagnaðila dags. 8. maí og segist hafa skoðað málið áfram. Jafnframt spyr biskup gagnaðila hvort hann komist á fund í vikunni og að honum sé heimilt að hafa með sér trúnaðarmann. Þá segir biskup að hún vilji að gagnaðili viti að hún líti málið alvarlegum augum. Fagráðið sé skipað sérfræðingum með reynslu eða framhaldsmenntun á þessu sviði. Gagnaðili svarar næsta dag og segir vikuna orðna þrönga, einnig ef hann eigi að hafa tíma til að fá einhvern með sér á fundinn. Þá spyr gagnaðili hvað eigi að vera málefni þessa fundar. Síðla 25. maí sendir biskup gagnaðila tölvubréf og spyr hvort hann komist á fund næsta mánudag [innskot úrskurðarnefndar: 29. maí]. Málefnið sé kæra á hendur gagnaðila til fagráðs og kynning á ákvörðun biskups í því máli. Áréttað er að gagnaðila sé heimilt að hafa með sér trúnaðarmann. Jafnframt óskar biskup eftir því að gagnaðili hringi í sig næsta dag á nánar tilgreindum tímum. Að morgni 26. maí svarar gagnaðili með tölvubréfi

og segir að lögmaður hans muni skila til biskups bréfi vegna málsins á mánudagsmorgninum og spyr hvort biskup vilji ekki lengri frest til að kynna sér efni þess og taka afstöðu til þess. Ella mæti hann með lögmanninum á mánudeginum. Biskup svarar sama morgun og segir gott að gagnaðili geti komið með lögmanni sínum. Síðan segir í tölvubréfi biskups:

„Bréf frá lögmanni þínum mun engu breyta um málsmeðferð hjá embættinu. Biskup hefur agavald í kirkjunni skv. 11. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.”

Bréf lögmanns gagnaðila dags. 29. maí 2017 er sent biskupi fyrir boðaðan fund þennan sama dag. Í bréfinu kemur fram að ekki verði af gögnum málsins ráðið hvernig biskup afmarki sakarefnið. Hvað hann telji gagnaðila nákvæmlega hafa gert. Í minnisblaði sé gagnaðili kallaður „gerandi”. Málshefjandi sé kölluð „brotapoli” án lýsingar á hinu meinta broti. Helst verði ráðið af gögnum málsins að gagnaðili sé kallaður til ábyrgðar á upplifun málshefjanda. Málshefjandi telji að gagnaðili hafi sýnt sér kynferðislega áreitni. Ekki liggi fyrir í gögnum málsins nein lýsing á verknaði sem geti talist kynferðisleg áreitni. Ekki heldur nein háttsemi sem geti fallið þar undir. Hins vegar komi fram að málshefjandi upplifði kveðju gagnaðila sem áreiti á sama tíma og gagnaðili komi af fjöllum og fái ekki með nokkru móti komið saman í huga sér hvernig svo megi vera. Upplifun málsaðila af atvikinu hljóti að vera með sitt hvorum hætti. Lítið sé við því að gera. Það sem gagnaðili eigi mögulega að hafa gert falli ekki undir kynferðislega áreitni. Þá þurfi að leysa úr því hvort gagnaðili hafi farið yfir siðferðismörk sem séu ósamboðin honum sem [...] og að hann hafi verið í vondri trú þegar umrætt atvik eigi að hafa átt sér stað. Á sama hátt og rangt sé að draga upplifun málshefjanda í efa sé jafnrangt að draga upplifun gagnaðila og góða trú í efa. Um sé að ræða heiðvirðar manneskjur sem ekki séu efni til annars en að trúa þótt upplifun þeirra sé mismunandi. Það sé þá ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerist í mannlegum samskiptum. Lögmaðurinn telur ekkert vera fram komið í málinu sem bendi til þess hlutrænt séð að farið hafi verið yfir siðferðismörk.

Lögmaðurinn áréttaði í andmælabréfinu athugasemd við minnisblað biskups frá 25. apríl þar sem fullyrt sé að gagnaðili sé „gerandi” og málshefjandi „brotapoli” án verknaðarlýsingar og rökstuðnings. Þá er gerð athugasemd við að boðuð sé áminning áður en gagnaðili fái að gera skriflega grein fyrir mál sínu. Hrapað virðist að niðurstöðu áður en mál sé rannsakað með eðlilegum hætti samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga. Stjórnvald sem verði með þessum hætti á í messunni gæti verið búíð að gera sig vanhæft til frekari meðferðar máls, a.m.k ef taka eigi íþyngjandi ákvarðanir. Loks er gerð athugasemd við að áminning skuli boðuð á svo ófullkomnum og illa rökstuddum grunni. Á hinn bóginn sé ekki gerð athugasemd við að kirkjan taki kvartanir sem þessar alvarlega og ræði við viðkomandi [...]. Að auki sé ekkert eðlilegra en að lagt sé fyrir hann að finna sér hegðun sem hindri misskilning í tjáskiptum af þessu tagi. Sömuleiðis sé ekkert við það að athuga að kirkjan kalli til aðila eða fagaðila til að ræða við gagnaðila um hvernig koma megi í veg fyrir að tjáning hans verði túlkuð á versta veg. Þetta sé reyndar mikilvægt bæði fyrir hann og aðra einkum í ljósi þess að tjáning hans sé sögð hafa misskilist áður.

Á fundinum 29. maí 2017 með gagnaðila og lögmanni hans afhenti biskup gagnaðila bréf dagsett sama dag. Í því bréfi er vísað til fyrri samskipta, bréfs biskups 3. maí og minnisblaðsins frá 25. apríl. Bent er á að kæra hafi verið lögð fram í fagráði gegn gagnaðila. Fleiri konur hafi kvartað undan kynferðislegri áreitni af hans hálfu og kvörtun borist fagráðinu árið 2010.

Síðan segir í bréfi biskups:

„Kynferðisleg áreitni er litin alvarlegum augum og brýn nauðsyn á að taka á slíkum málum hratt og af festu og eftir stjórnsýslulögum og öðrum viðeigandi heimildum. Telja verður sterkar vísbendingar fram komnar um háttsemi af þinni hálfu sem ekki er viðunandi. Ég hef vitneskju um að framkoma þín hefur valdið konum í kirkjunni vanlíðan og áfalli m.a. þeirri er kærði framkomu þína til fagráðsins. Kirkjan getur ekki látið óátalið að vígður þjónn komi þannig fram

gagnvart samstarfsfólki sínu eða öðrum sem hann er í samskiptum við. Frekari framgangna af þessu tagi verður ekki liðin. Ég tel þess háttar framgöngu ámælisverða og fela í sér trúnaðarbröst við þjóðkirkjuna.

Að athuguðu máli hyggst ég miðað við framkomnar upplýsingar og stöðu málsins í dag, grípa til aðgerða sem miða að því að koma á ástandi sem telst viðunandi. Fallist þú á þá málsmeðferð mun ekki verða um frekari rannsókn málsins að ræða og þér verður ekki að þessu sinni veitt áminning á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, enda farir þú að tilmælum þeim sem hér verða sett fram.

Ég hef ákveðið á grundvelli tilsjónarhlutverks biskups að veita þér tiltal.

Jafnframt að þú leitir sérfræðiaðstoðar til að aðstoða þig við að láta af framkomu við konur umfram mörk. Þú farir í launað leyfi frá þjónustu þinni í kirkjunni meðan á þeirri meðferð stendur. Þér verður afhentur listi með nöfnum sálfræðinga sem koma til greina sem meðferðaraðilar og gefinn kostur á að velja einn af þeim lista. Biskupsstofa mun síðan gera samning við þann aðila um meðferðina. Tímalengd leyfisins verður í samráði við viðkomandi sálfræðing og áskilinn er réttur til að kanna hvort árangur teljist fullnægjandi þannig að óhætt sé að þú snúir til starfa að nýju.

Ef þú ert ekki tilbúinn að fallast á framangreinda málsmeðferð, þ.e. að fara í launað leyfi, þiggja sérfræðiaðstoð og eftir atvikum að undirgangast mat að meðferð lokinni, er óhjákvæmilegt annað en að rannsaka málið frekar og þá eftir atvikum að beita hugsanlega annars konar úrræðum, eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um.

Biskup veitti gagnaðila tiltal á fundinum 29. maí 2017 í viðurvist lögmanns hans og biskupsritara.

Samkvæmt gögnum málsins ræddu biskup og gagnaðili saman tvívegis um málið eftir að honum var afhent bréfið dags. 29. maí. Í viðtölunum komust biskup og gagnaðili að samkomulagi um að gagnaðili fengi viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi og fengi að eigin ósk launað leyfi í tvo mánuði á meðan viðtalsmeðferðin stæði yfir. Leyfinu lyki ef og þegar viðtöl hefðu borið þann árangur að mati viðkomandi sálfræðings að gagnaðili gæti snúið aftur til starfa sinna. Skrifleg ósk gagnaðila þessa efnis er dags. 30. maí 2017 og barst biskupi sama dag. Með bréfi dags. 16. júní 2017 veitti biskup gagnaðila umbeðið leyfi. [...] sálfræðingur var fenginn til viðtalsmeðferðarinnar í samráði við gagnaðila. Biskupsstofa greiddi kostnaðinn. Gert var skriflegt samkomulag við sálfræðinginn 2. júní 2017 um viðtalsmeðferðina og markmið hennar.

Samkomulagið um sálfræðiþjónustu [...] er milli sálfræðingsins og biskups. Þar kemur fram að sálfræðingurinn muni sinna afmarkaðri sérfræðimeðferð sem trúnaðarmaður biskups sem felist í því að aðstoða starfsmann þjóðkirkjunnar til að setja skýr mörk í samskiptum við skjólstæðinga sína og aðra. Um nánari lýsingu verkefnisins er vísað til verkefnalýsingar í trúnaðarskjali. Skyldur biskups eru að veita sálfræðingi allar nauðsynlegar upplýsingar til að sálfræðingur geti annast verkefnið og kosta sérfræðimeðferðina að fullu.

Í verklýsingunni segir m.a.:

„Meðferðin skal miða að því að aðstoða [...] að láta af óæskilegri hegðun og setja mörk í samskiptum við annað fólk sem samrýmist einstaklingi í hans stöðu.

Það atvik sem fagráð fékk til meðferðar, og önnur óskráð og ótengd atvik, benda til þess að ætluð vinaleg framkoma [...] er meðtekin af konum sem yfiringangur og ofbeldi.

Faðmlag, er fólk heilsast, þar sem [...] ætlar sér að vera hlýlegur og vinalegur er upplifað sem íþyngjandi og stuðandi.

Markmiðið er að við lok meðferðar sé [...] betur til þess fallinn að eiga í uppbyggilegum og kærleiksrikum samskiptum við annað fólk án þess að eiga á hættu að upplifun samferðarfólks hans sé sú að hann valdi særindum eða öðrum skaða.”

Úrskurðarnefnd kallaði hinn 16 nóvember 2017 eftir upplýsingum um hvaða „önnur óskráð og ótengd atvik” verið væri að vísa til í verklýsingunni. Í svari biskupsstofu dags. 17. nóvember segir:

„Svar við þessari beiðni er að hér var átt við mál sem upp kom árið 2010 og sem að líkindum er verið að vísa til í skýrslu sálfræðingsins. Það mál kom aldrei til kasta biskupsembættisins en samkvæmt upplýsingum fyrrverandi formanns fagraðs um meðferð kynferðisbrota, leitaði einstaklingur með kvörtun vegna áreitni af hendi gagnaðila til hans. Einnig hafði komið fram að fleiri konur hefðu kvartað undan áreitni af hálfu gagnaðila, sbr. bréf biskups til gagnaðila, dags. 3. maí ásamt meðfylgjandi minnisblaði, dags. 25. apríl 2017, svo og bréf biskups Íslands til gagnaðila, dags. 29. maí 2017.”

Sálfræðingurinn ritaði biskupi bréf dags. 3. júlí 2017 og segir gagnaðila hafa komið í þrjú viðtöl. Hann hafi verið samvinnufús og rætt greiðlega þau atriði sem sálfræðingurinn hafi borið upp í viðtölunum auk þess að hafa frumkvæði að því að taka upp þætti sem hann taldi málið varða. Gagnaðili hafi sagt kærnu málshefjanda hafa komið algerlega flatt upp á hann og að sér hafi verið það eitt í huga að sýna þakklæti fyrir góða þjónustu og ekkert í viðbrögðum málshefjanda hafi gefið til kynna að faðmlag hans og koss á kinn hafi valdið viðkomandi óþægindum. Gagnaðili hafi lýst því að aðfinnslur vegna atviks fyrir nokkrum árum hafi orðið honum tilefni til að endurskoða rækilega hvernig hann umgangist konur og telji hann sig hafa verið sér mjög meðvitaðan æ síðan varðandi orðaval, nánd og snertingu. Í umræddu tilviki hafi hann greinilega lesið rangt í aðstæðurnar og talið út frá fyrri samskiptum að við hæfi væri að sýna innilegt þakklæti. Hann hafi hins vegar augljóslega farið yfir persónuleg mörk viðkomandi og sé umhugað um að slíkt endurtaki sig ekki. Í viðtölum hafi verið farið ítarlega í þau atriði sem hafa þurfi í huga varðandi að gæta þess að fara ekki yfir mörk skjólstæðinga og samstarfsfólks, að viðbrögð viðmælanda við náinni snertingu segi ekki alltaf til um upplifun viðkomandi, að láta viðmælandann ávallt um að skilgreina nándina/mörkin, hafa ekki frumkvæði að meiru en innilegu handabandi og stöðva með mildilegri ákveðni stígi viðmælandi yfir mörk þess sem tilhlýðilegt geti talist. Í lok bréfs síns segir sálfræðingurinn:

„Það er mat undirritaðs að Y hafi viðeigandi skilning á hvað séu heilbrigð mörk í samskiptum við skjólstæðinga og samstarfsfólk, að honum sé ljóst að það hafi verið á hans ábyrgð að mislesa í aðstæður í hinu kærða tilviki og að eftirleiðis muni hann forðast að hafa frumkvæði að nánd umfram hlýlegt handaband gagnvart því fólki sem hann umgengst í starfi sínu.”

Með bréfi sálfræðingsins 3. júlí 2017 til biskups tilkynnti hann biskupi að hann teldi náð þeim markmiðum sem um var samið.

Gagnaðili snéri, með samþykki biskups, aftur til starfa sinna sem [...] í [...] 12. ágúst 2017.

Samkvæmt gögnum málsins gerðist næst í málinu að formaður fagraðs ræddi við málshefjanda 22. ágúst 2017 og heyrði að málshefjandi var ekki ánægð með meðferð á kvörtun sinni til fagraðsins 7. apríl s.á. Formaðurinn kallaði því til fundar í fagraðinu 30. ágúst og boðaði málshefjanda á fundinn. Í punktum frá fundinum, sem úrskurðarnefnd bárust frá fagraðinu, er skráð að fram hafi komið að málshefjanda fannst léttvægt tekið á málum og skritið að málið hafi strax verið sent til biskups en ekki til úrskurðarnefndar. Málshefjandi skýrði frá því að of vægt hafi verið tekið á málinu. Gagnaðili hafi ekki verið sendur strax í leyfi og ekki verið gerð grein fyrir hvers vegna hann fór í leyfi. Hann hafi ekki verið áminntur heldur veitt tiltal. Hann hafi verið sendur í meðferð, hafi ekki farið af sjálfsdáðum. Málshefjanda finnst sem sér væri ekki trúað og fannst að hún hefði misst sambandið við fagraðið eftir að formaður sagði sig frá málinu og ekki verið upplýst nóg um það sem fram fór. Þá kom fram að málshefjandi væri vægast sagt mjög ósátt við aðkomu fyrrum formanns fagraðsins að málinu og kemur fram í punktunum að hvorki málshefjandi né fagraðið hafi fengið skýringar á því hvers vegna hann hafi verið viðstaddur fund sem málshefjandi átti með biskupi. Í punktunum kemur loks fram að fagraðið ákveði að senda málið til úrskurðarnefndar.

Eins og áður er rakið barst úrskurðarnefnd málið frá fagráðinu 12. september 2017. Nefndin fundaði fyrst um málið 21. september og tók á sama fundi fyrir tvö önnur mál sem bárust frá fagráðinu 18. september s.á.

Biskup Íslands hafði 20. september símleiðis samband við formann úrskurðarnefndar og óskaði staðfestingar á því að þrjú mál hefðu borist nefndinni sem beindust að gagnaðila. Formaður staðfesti það í símtalinu og upplýsti að fyrsti fundur vegna málanna yrði næsta dag.

Meðal gagna málsins er minnisblað biskups frá 21. september 2017. Þar kemur fram að hinn 20. september kl. 15:05 sendi biskup tölvubréf til gagnaðila og skýrði honum frá því að biskup hafi fengið vitneskju um að þrjár konur hefðu leitað til úrskurðarnefndar vegna meintra brota hans í þeirra garð. Biskup vísaði í tölvubréfinu til 17. gr. starfsreglna um [...] þar sem fram kemur að komi fram ásakanir á hendur [...] um refsiverða háttsemi skuli honum þá veitt launað leyfi á meðan á rannsókn stendur. Biskup geti áskilið í slíkum tilvikum að [...] veiti ekki tiltekna [...] á meðan. Í tölvubréfinu kom einnig fram að Fréttablaðið myndi birta umfjöllun um málið á forsíðu næsta dag. Biskup segist í tölvubréfinu vilja semja við gagnaðila um að hann fari í launað leyfi þegar í stað svo ekki þurfi að koma til ákvörðunar um hvort þessi heimild sé nýtt. Gagnaðili hafi kl. 15:15 svarað og spurt hvað verði með [...] næsta sunnudag og hver myndi leysa hann af í leyfinu. Kl. 16:05 hafi biskup og gagnaðili rætt saman í síma þar sem biskup hafi sagt honum að hann ætti að fara í leyfið þegar í stað og næsta dag yrði annar [...] kominn í [...]. Biskup hafi beðið gagnaðila að hugleiða það hvort hann vildi senda henni bréf með beiðni um tímabundið leyfi frá störfum. Biskup teldi það betra fyrir hann en að hann yrði skikkaður í leyfið af biskupi. Samkvæmt minnisblaðinu hafði bréfið ekki borist þegar biskup tók minnisblaðið saman.

Í bréfi biskups dags. 21. september 2017 til gagnaðila segir að biskup skilji samtalið við gagnaðila deginum áður þannig að hann fallist á að fara í leyfi. Þar með þurfi ekki frekari málsmeðferð á grundvelli stjórnsýslulaga vegna ákvörðunar þar að lútandi. Í bréfinu segir síðan:

„Er hér með staðfest af minni hálfu að þú sért nú, með samkomulagi við embætti biskups Íslands, kominn í leyfi frá störfum sem [...] í [...], [...], frá og með deginum í dag að telja. Áskilið er að þú veitir ekki [...] á meðan.

Leyfið er ótímabundið en verður endurskoðað þegar úrlausn úrskurðarnefndar liggur fyrir.”

Lögmaður gagnaðila ritaði biskupi bréf dags. 22. september 2017 þar sem óhlutdrægni biskups er dregin í efa, mótmælt er ummælum biskups í Fréttablaðinu og fullyrt að þau séu ærumeiðandi og athugasemd gerð við að gagnaðili hafi verið settur í ótímabundið leyfi án samkomulags. Þá er gerð athugasemd við að allt þetta hafi verið gert án þess að gagnaðili hafi fengið upplýsingar um þær ásakanir sem á hann væru bornar. Loks er gerð athugasemd við að [...] skyldi að beiðni biskups halda fund með [...] og starfsmönnum [...] um mál gagnaðila, eftir að því var lokið og meinað gagnaðila að vera viðstaddan fundinn.

5. MÁLSÁSTÆÐUR MÁLSAÐILA

5.1 Málsástæður málshefjanda

Málshefjandi lýsir atviki því sem kvartað er yfir til nefndarinnar þannig að gagnaðili hafi í eitt skipti faðmað hana, haldið henni í fangi sér, þrýst henni að sér og kysst eða sleikt kinnar.

1. Háttsemin falli undir hugtakið kynbundið ofbeldi í skilningi 5. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, eins og skilgreiningunni var breytt með 1. gr. laga nr. 62/2014.
2. Til vara er því haldið fram af hálfu málshefjanda að í atvikinu felist kynbundin áreitni í skilningi 3. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2014.

3. Atvikið feli í sér kynbundna áreitni skv. c-lið 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, sbr. 8. gr. sömu reglugerðar.
4. Þá teljist háttsemin kynferðislegt ofbeldi samkvæmt starfsreglum um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009, en til vara að um kynferðislega áreitni hafi verið að ræða í skilningi starfsreglnanna.
5. Loks telur málshefjandi að með háttseminni hafi gagnaðili brotið 5. og 11. tölul. almennra siðareglna starfsmanna ríkisins.

5.2 Málsástæður gagnaðila

Gagnaðili byggir aðalkröfu sína, kröfu um frávísun, aðallega á því að engin krafa hafi verið gerð af hálfu málshefjanda fyrir úrskurðarnefndinni en einnig á því að mögulegt ágreiningsefni falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Gagnaðili var staddur í fyrirtæki úti í bæ sem sé í einkaréttarlegum samkeppnisrekstri við nokkur önnur. Atvikið falli ekki undir 1. mgr. 3. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd. Gagnaðili hafi ekki komið að máli við málshefjanda vegna starfa þeirra heldur vegna kunningsskapar. Gagnaðili hafi ekkert erindi átt við málshefjanda. Atvikið falli því ekki undir valdsvið úrskurðarnefndar skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga. Hvorutveggja eigi að leiða til frávísunar frá úrskurðarnefnd.

Varakröfu sína um að úrskurðarnefndin aðhafist ekki frekar byggir gagnaðili á því að málshefjandi hafi engar kröfur gert fyrir nefndinni. Þá hafi ekkert siðferðisbrot verið upplýst fyrir nefndinni.

Vegna fullyrðinga um kynferðislega áreitni vísar gagnaðili til hæstaréttardóma í málum nr. 558/2008, 279/2012, 429/2012, 124/2015 og 684/2008.

Loks bendir gagnaðili á að biskup hafi hlutast til um að málshefjandi færi til sálfræðings til að tryggja að hann setti sér mörk í samskiptum á þann hátt að ekkert misskildist. Það var talið tryggt að mati sálfræðings. Í framhaldi þess ákvað biskup að gagnaðili gæti starfað áfram sem [...] í [...]. Úrskurðarnefndin geti ekki lagt til að biskup, þó málshefjandi hafi óskað eftir að málinu yrði vísað til nefndarinnar, taki upp stjórnarsýslumál að nýju enda séu skilyrði 25. gr. stjórnarsýslulaga ekki uppfyllt.

6. NIÐURSTAÐA

6.1 Krafa gagnaðila um frávísun

Gagnaðili byggir frávísunarkröfu sína á tveimur málsástæðum. Í fyrsta lagi að engin krafa hafi verið gerð af hálfu málshefjanda fyrir úrskurðarnefndinni. Í frásögn málshefjanda hjá fagráði lýsir málshefjandi háttsemi af hálfu gagnaðila sem hún skilgreindi sem kynferðislega áreitni. Á fundi úrskurðarnefndar 4. október 2017 segist málshefjandi láta nefndinni eftir að ákveða hvort og þá hvaða úrræða gripið verði til. Á fundi úrskurðarnefndar 15. nóvember 2017, þegar lögmaður hafði tekið við hagsmunagæslu málshefjanda, bókaði lögmaðurinn að málshefjandi óski úrlausnar úrskurðarnefndar er varða siðferðis- og agabrot og vísaði til 12. gr. þjóðkirkjulaga og 17. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd hvað það varðar. Þó málshefjandi hafi ekki kynnt skýrar kröfur af sinni hálfu á fundinum 4. október er ljóst af samhenginu að hún óskaði viðbragða innan regluverksins um úrskurðarnefnd. Engar afdráttarlausar kröfur lágu þó fyrir af hálfu málshefjanda þegar gagnaðili skilaði greinargerð sinni dags. 14. nóvember 2017. Frá því að kröfugerð málshefjanda var frekar útfærð hefur gagnaðili haft fjölmörg tækifæri til að bregðast nánar við kröfugerðinni, síðast í málflutningi 26. janúar 2018. Frávísunarkröfu gagnaðila sem byggir á þessari málsástæðu er því hafnað.

Í öðru lagi byggir gagnaðili frávísunarkröfu sína á því að mögulegt ágreiningsefni milli málsaðila falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Samkvæmt starfsreglum um meðferð kynferðisbrota frá 2009 er það meðal úrræða kvartanda í kynferðisbrotamálum að vísa því til úrskurðarnefndar. Þegar af þeirri ástæðu heldur ekki sú málsástæða gagnaðila að ágreiningsefnið falli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Frávísunarkröfu gagnaðila sem byggir á þessari málsástæðu er því hafnað.

6.2 Efnisleg umfjöllun

Í gögnum málsins kemur fram að þann 21. mars 2017 stóð málshefjandi upp frá skrifborði sínu til að heilsa gagnaðila. Málshefjandi segist hafa rétt fram stífa hendi og þannig taldi hún sig gefa gagnaðila skýrt til kynna að hún ætlaði að heilsa honum með handabandi. Gagnaðili hefur ekki mótmælt þessari frásögn málshefjanda. Þrátt fyrir það valdi gagnaðili að faðma málshefjanda og kyssa hana á kinnar. Málshefjandi heldur því fram að hann hafi haldið henni fastri, þrýst henni að sér og hún hafi ekki getað sig hrært. Gagnaðili kannast ekki við að hafa haldið henni fast eða þrýst henni að sér en mótmælir ekki upplifun hennar. Gegn mótmælum gagnaðila getur úrskurðarnefndin ekki lagt til grundvallar að hann hafi haldið henni fastri og þrýst henni að sér, jafnvel þó hann hafi mögulega samþykkt þann hluta lýsingarinnar á fundinum 11. apríl 2017. Hjá úrskurðarnefnd sagðist gagnaðili hafa verið í áfalli á þeim fundi eftir að hafa heyrt að málshefjandi hefði kvartað yfir honum og því væri ekki mark takandi á neinu sem hann hefði sagt á þeim fundi.

Þá heldur málshefjandi því einnig fram að gagnaðili hafi sleikt kinnar hennar. Sú lýsing kom ekki fram af hálfu málshefjanda fyrr en í lok september, eða réttu hálfu ári eftir að málshefjandi skýrði fyrst frá atvikinu. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila telur úrskurðarnefndin ekki unnt að leggja til grundvallar að gagnaðili hafi sleikt kinnar málshefjanda.

Úrskurðarnefndin getur því ekki lagt til grundvallar í máli þessu annað en að gagnaðili hafi faðmað málshefjanda og kysst kinnar hennar. Í því felst þó ekki að úrskurðarnefndin vefengi frásögn málshefjanda, enda er hún að hluta studd yfirlýsingu samstarfskonu sem hún leitaði til strax eftir atvikið. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila verður þó ekki byggt á öðru um atvikið en því sem málsaðilar eru sammála um.

Í máli þessu er eins og að framan er rakið óskað eftir afstöðu úrskurðarnefndar til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda feli í sér aga- eða siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Hugtökin agabrot og siðferðisbrot eru ekki skýrð í þjóðkirkjulögunum eins og fram kemur í í úrskurði áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/1999 frá 3. september 1999. Áfrýjunarnefndin telur að í agabroti felist brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara, sbr. 11. gr. þjóðkirkjulaga um kirkjuaga. Úrskurðarnefndin telur að miðað við skilgreiningu áfrýjunarnefndar á agabroti teljist háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda ekki agabrot.

Í sama úrskurði áfrýjunarnefndarinnar segir að hugtakið siðferðisbrot hafi mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga megi að því vísu að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsivert brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrot. Siðferðisbrot þurfi ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt sé að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skipti verulegu máli hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Það er mat úrskurðarnefndar að

kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hljóti alltaf að teljast siðferðisbrot skv. 12 gr. þjóðkirkjulaga.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda falli undir hugtökin kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni, eins og málshefjandi heldur fram. Málshefjandi telur gagnaðila með háttsemi sinni hafa beitt hana kynbundnu ofbeldi en til vara kynferðislegri áreitni eða kynbundinni áreitni. Hugtökin kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni eru skilgreind í 3. - 5. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008, eins og þeim var breytt með 1. gr. laga nr. 62/2014. Forsenda þess að um kynbundið ofbeldi sé að ræða er að það leiði til líkamlegs kynferðislegs skaða eða þjáningar þess sem fyrir því verður. Forsenda þess að um kynferðislega áreitni eða kynbundna áreitni sé að ræða er að hegðunin sé í óþökk þess sem fyrir henni verður, skapi aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir þann sem fyrir því verður og hafi þau áhrif eða tilgang að misbjóða virðingu viðkomandi.

Í leiðbeiningum frá árinu 2016 um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, sem gefnar voru út af ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu eru rakin dæmi um hvað teljist kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni eða kynbundin áreitni á vinnustöðum. Þar kemur fram að óvelkomin faðmlög og kossar teljist til háttsemi af þeim toga.¹ Úrskurðarnefndin telur að þegar um eitt tilvik er að ræða, þá verði við það að miða að háttsemin sé með þeim hætti að almennt sé þá ljóst að hún sé óviðeigandi. Þannig er munur annars vegar á ítrekuðum faðmlögum og kossum sem eru í óþökk þess sem fyrir þeim verður sem og káfi og þukli og hins vegar einu einstöku faðmlagi og kossum á kinn þegar heilsast er. Skilja verður bæklinginn svo að um ítrekuð óvelkomin faðmlög þurfi að vera að ræða til að háttsemin fari gegn ákvæðum laga nr. 10/2008. Þá verður ekki séð að háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda hafi verið til þess fallin að skapa aðstæður sem væru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi eins og áskilið er í 3. og 4. tölul. 2. gr. laganna.

Það er því mat úrskurðarnefndar að ekki sé unnt að fallast á það að háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda, sem fólst í faðmlagi og kossum á kinnar einu sinni, geti fallið undir skilgreiningar 2 gr. laga nr. 10/2008 um kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni eða kynbundna áreitni jafnvel þó óvelkomin hafi verið. Horfa verði til þess að slík kveðja er ekki óalgeng í samskiptum manna, jafnvel í tilvikum þar sem annar aðilinn réttir fram hendi til að heilsa.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila teljist siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga óháð því að háttsemin teljist ekki kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni eða kynbundin áreitni.

Í framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar segir að við mat á því beri að veita úrskurðaraðilum svigrúm til að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma. Þá skiptir staða viðkomandi verulegu máli og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Fyrir liggur að faðmlagið og kossar á kinn áttu sér stað á skrifstofu málshefjanda fyrir opnum dyrum. Ekkert starfssamband er á milli þeirra en kunningskapur. Nefndin telur það á margan hátt óskiljanlegt hvers vegna gagnaðili lét ekki málshefjanda um að ákveða hvernig þau skyldu heilsast, einkum þegar litið er til forsögu hans. Fram kemur í gögnum málsins að gagnaðili sótti stuðningsmeðferð hjá sálfræðingi árið 2011 til að fá leiðbeiningar um það með hvaða hætti hann setji sér mörk í samskiptum við konur. Gagnaðili hefur í málalíbúnaði sínum lagt ríka áherslu á að eftir meðferðina 2011 sé hann varkárari og bregðist við skilaboðum þess sem hann er að heilsa hverju sinni. Þrátt fyrir þessar fullyrðingar liggur fyrir að gagnaðili faðmaði og kyssti kinnar málshefjanda, þó hún hafi rétt fram hendina til að heilsa honum.

¹ Sjá: https://www.bhm.is/media/adalfundur_bhm_safn/Kynbundin-og-kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi-a-vinnustodum---Baeclingur.pdf.

Úrskurðarnefndin telur þessa háttsemi gagnaðila hafa verið afar óheppilega, ekki síst vegna fyrri meðferðar hans og eigin fullyrðingar hans um að hann hafi lært af reynslunni. Háttsemi hans gagnvart málshefjanda sýnir að svo er ekki. Engu að síður er það niðurstaða úrskurðarnefndar að í háttsemi gagnaðila hafi ekki falist siðferðisbrot, eins og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar skilgreinir slíkt brot.

Fyrir liggur að vegna háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda og fleiri konum, hefur biskup þegar gripið til agaúrræða gagnvart honum skv. 11. gr. þjóðkirkjulaga, sbr. bréf biskups 29. maí 2017. Gagnaðili sætti tiltali af hálfu biskups, fór í tímabundið leyfi og samþykkti að leita sér sérfræðiaðstoðar á nýjan leik. Að því loknu samþykkti biskup að gagnaðili kæmi aftur til starfa í [...]. Ekki hefur komist reynsla á það hvort síðari sérfræðiaðstoð gagnaðila hafi borið tilætlaðan árangur því gagnaðili, eftir að mál þetta og tvö önnur bárust úrskurðarnefndinni í september 2017, var gert að fara í ótímabundið leyfi frá störfum. Í því leyfi er hann enn.

6.3 Athugasemd við meðferð á kvörtun málshefjanda

Úrskurðarnefnd telur óhjákvæmilegt að gera nokkrar athugasemdir við málsmeðferðina, sem kvörtun málshefjanda fékk eftir að hún sagði fagráðinu sögu sína 7. apríl 2017.

Í starfsreglum um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009 eru skýr fyrirmæli í 6. gr. um það í hvaða farvegi eigi að beina kvörtunum sem berast til fagráðsins sem starfar samkvæmt 3. gr. starfsreglnanna. Þar kemur fram að telji einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti sbr. 1. gr. skuli hann fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá fagráði. Fagráð aðstoði hann við að kæra til lögreglu og/eða að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga. Þá aðstoði fagráð hann við að finna aðra nauðsynlega aðstoð. Loks á fagráð að upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geti átt.

Á fundi úrskurðarnefndar með fyrrverandi og núverandi formanni fagráðs kom fram að kysi einstaklingur sem leitaði til fagráðsins ekki að leita til lögreglu þá væri algengast að biskupi væri skýrt frá atvikinu undir nafnleysi. Ef einstaklingurinn vildi að rätt væri við meintan geranda um atvikið þá væri biskupi skýrt frá atvikinu, undir nafni, og framhald málsins væri í höndum biskups.

Í 6. gr. starfsreglna er hvergi gert ráð fyrir þessari málsmeðferð. Þvert á móti er gert ráð fyrir að vilji viðkomandi ekki leita til lögreglu en kjósi að málið fái efnislega meðferð þá eigi að benda honum á málsmeðferð hjá úrskurðarnefnd. Líklega er það til að tryggja að málið sé gaumgæfilega rannsakað, meintur gerandi fái að vita um málið, andmælaréttur hans sé virtur og úrskurðarnefndin geri eftir atvikum tillögur til biskups um viðbrögð vegna málsins.

Úrskurðarnefndin telur það óskiljanlegt að skýrum starfsreglum um meðferð kynferðisbrota hafi ekki verið fylgt frá því að þær voru settar árið 1998 heldur hafi fagráðið búið til málsmeðferðarfarveg til biskups, sem hvergi er gert ráð fyrir.

Þá telur úrskurðarnefndin það umhugsunarefni af hverju biskup taldi sér skylt að taka við máli málshefjanda frá fagráðinu. Ljóst mátti vera að starfsreglur nr. 955/2009 gera ekki ráð fyrir að biskup taki mál sem berast til fagráðsins beint til meðferðar, heldur eftir að úrskurðarnefndin hefur um þau fjallað. Úrskurðarnefndin telur því að biskup hefði átt að framsenda úrskurðarnefndinni kvörtun málshefjanda í stað þess að taka málið til meðferðar hjá embættinu.

Úrskurðarnefnd telur að kirkjuþing þurfi að endurskoða gildandi starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar þannig að ákvæði reglnanna verði skerpt og skýrt verði að ef meintur gerandi er nafngreindur hjá fagráði beri fagráði að tryggja málinu efnislega meðferð hjá úrskurðarnefnd. Um þetta þurfi að upplýsa þolandann fyrirfram þannig að ef hann vill ekkert gera nema segja fagráði sögu sína, fá hana skráða, þá sé það gert án þess að nafngreina meintan geranda. Ef þolandi vill hins vegar nafngreina meintan geranda en ekki kæra málið til lögreglu

verður að tryggja að málið fái rétta stjórnsýslulega meðferð hjá úrskurðarnefnd þar sem réttindi beggja málsaðila séu virt og að niðurstaða komi um hvort grípa skuli til aðgerða.

Þangað til starfsreglum hefur verið breytt leyfir úrskurðarnefndin sér að beina þeim tilmælum til fagráðs að framvegis verði málum sem einstaklingar vilja ekki senda til lögreglu en óska eftir að verði skoðuð nánar verði send úrskurðarnefnd. Þá leyfir úrskurðarnefndin sér að beina því til biskups að berist embætti biskups mál frá fagráði þá verði starfsreglunum frá 2009 fylgt og málum beint í réttan farveg til úrskurðarnefndar.

Nefndin telur rétt að taka fram að hún telur það óæskilegt að í fjölmiðlaumfjöllun um þetta mál birtist frétt á vefnum w.w.w.kirkjan.is þar sem sagt er að ákvörðun um að senda starfandi [...] í leyfi meðan mál er hann varða séu rannsökuð, sé ekki tekin að ástæðulausu.² Óréttmætt var að mati úrskurðarnefndar að afstöðu í málinu væri lýst með þessum hætti þar sem leyfi frá störfum er eðlileg málsmeðferð vegna meintra brota af þessu tagi, sbr. 3. mgr. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Loks telur úrskurðarnefndin ekki hjá því komist að benda á að málsmeðferð biskups á kvörtun málshefjanda var í veigamiklum þáttum ábótavant og ekki í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga. Þar sem sú málsmeðferð er utan verksviðs nefndarinnar í þessu máli verður þó ekki frekar um það fjallað hér.

Það er því niðurstaða úrskurðarnefndar að í háttsemi þeirri sem málshefjandi kvartar yfir af hálfu gagnaðila og sem úrskurðarnefndin telur sannaða, felist hvorki aga- né siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu gagnaðila er hafnað.

Hafnað er kröfu málshefjanda um að háttsemi gagnaðila gagnvart henni sé aga- eða siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. þjóðkirkjulaga innan þriggja vikna frá því að málshefjanda var tilkynnt um hann.³

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Dögg Pálsdóttir (sign.)

Elsa S. Þorkelsdóttir (sign.)

sr. Svavar Stefánsson (sign.)

Sérfróður aðili, sem úrskurðarnefndin kvaddi sér til fulltingis skv. 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998

Dr. Berglind Guðmundsdóttir (sign.)

² Sjá: [...].

³ Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málstaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málstaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.